

Ár 1998, miðvikudaginn 18. febrúar, var í málinu nr. 7/1997 af Yfirfasteignamatsnefnd kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Með bréfi dags. 25. ágúst 1997 kærir Guðbrandur Hannesson, oddviti, fyrir hönd Sveitarstjórnar Kjósarhrepps úrskurð Fasteignamats ríkisins dags. 24. júlí 1997 um endurmat á hlunnindum á veiðisvæði Laxár og Bugðu. Í kærubréfi segir:

“Kæruatriði gildistaka matsins.

Nýtt mat á hlunnindum er tilkynnt til sveitarstjórnar með bréfi dagsettu 24.07.97 og á að gilda fyrir árið 1997. Gjald dagar á fasteignagjöldum í Kjósarhreppi eru þrjú 15. mars, 15. maí, 15. júlí þannig að búið var að senda út giróseðla fyrir fasteignagjöldum samkvæmt fasteignamati 1. des 1996. Fjárhagsáætlun fyrir 1997 er unnin samkvæmt mati 1. des 1996 svo og skattaskýrslur einstaklinga. Að breyta mati eftir mitt ár og láta það taka gildi aftur í tímann teljum við í sveitarstjórn óásættanlegt.”

Aðdragandi þessa máls er sá, að með bréfi dags. 28. október 1996 óskaði Þórarinn Þ. Jónsson, lögg. endurskoðandi, í umboði Stjórnar Veiðifélags Kjósarhrepps, eftir því að Fasteignamat ríkisins tæki hlunnindamat veiðiréttarhafa að vatnasvæði Veiðifélags Kjósarhrepps til endurskoðunar og lækkunar. Um rök fyrir þeirri beiðni segir í bréfinu:

“Forsendan fyrir beiðni þessari er að arðurinn af vatnasvæðinu hefur á seinustu árum farið mjög lækkandi, sem sést á eftirfarandi töflu sem unnin er af mér upp úr ársreikningum Veiðifélags Kjósarhrepps”.

Hinn kærði úrskurður Fasteignamats ríkisins um endurmat er dags. 25. ágúst 1997. Í úrskurði segir að matið gildi gjaldaárið 1997. Samkvæmt endurmatinu er heildarmat hlunninda á veiðisvæðinu kr. 169.209 þús. en eldra matið var kr. 215.571 þús.

Niðurstaða:

Kæruefnið varðar gildistöku breytinga á fasteignamati hlunninda veiðiréttarhafa á veiðisvæði Laxár og Bugðu samkvæmt hinum kærða úrskurði.

Í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna er kveðið á um heimild aðila til að krefjast nýs úrskurðar Fasteignamats ríkisins um skráð mat. Í 2. mgr. 21. gr. sömu laga segir:

“Nýtt matsverð skal þegar skráð í fasteignaskrá og gildir með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið, sbr. 22. gr., þar til því er hrundið með nýju mati eða yfirmati”.

Ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga nr. 94/1976 er í samræmi almennar reglur stjórnisýsluréttar um að ákvörðun stjórnvalds standi óbreytt þar til henni hefur verið hrundið með nýrri ákvörðun. Ekki verður talið að ákvæðið takmarki heimild til að ákveða í úrskurði annan gildistökudag breytinga fasteignamats en úrskurðardag. Að öðru jöfnu væri við ákvörðun gildistökudags fremur litið til þess tíma þegar beiðni um endurmat berst og aðstæðna á þeim tíma.


Í hinum kærða úrskurði segir að matið gildi fyrir gjaldaárið 1997. Að mati Yfirfasteignamatsnefndar skal gildistaka breytinga á fasteignamati ávallt miðast við tilgreindan mánaðardag og ár. Samkvæmt áralangri matsframkvæmd hefur myndast sú venja sem staðfest hefur verið í úrskurðum Yfirfasteignamatsnefndar að gildistaka breytinga á fasteignamati sé almennt miðuð við 1. desember gildistökuársins, þ.e. við tímamark árlegs framreiknings fasteignamats.


Beðið var um endurmat hlunninda veiðiréttarhafa 28. október 1996. Grundvöllur endurmats Fasteignamats ríkisins voru ársreikningar Veiðifélags Kjósarhrepps árin 1993, 1994 og 1995. Samkvæmt því og með hliðsjón af því sem áður er fram komið telur Yfirfasteignamatsnefnd að fasteignamat hlunninda á veiðisvæði Laxár og Bugðu skuli frá 1. desember 1996 taka þeim breytingum sem kveðið er á um í hinum kærða úrskurði.

Úrskurðarorð:

Breytingar á fasteignamati hlunninda á veiðisvæði Laxár og Bugðu samkvæmt hinum kærða úrskurði skulu gilda frá 1. desember 1996.


Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Guðmundur Magnússon